

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1143*  
*komudagur 10.3.2009*

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. mars 2009  
2009030001/42-1-3  
SE/TB  
jgo/tb

### **Tillaga til þingsályktunar um þríhnjúkahellir**

Vísað er til tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu þar sem skorað er á menntamálaráðherra að hefja nú þegar skipulagða vinnu til þess að fylgja eftir hugmyndum um að gera Þríhnjúkahelli í Bláfjöllum, stærsta hraunhelli í heimi, aðgengilegan fyrir ferðamenn, 68. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur tekið undir þau sjónarmið að Þríhnjúkahellir verði aðgengilegur ferðamönnum. Þríhnjúkahellir er hluti af eldstöðvakerfi sem oft er, sem heild, kallað Brennisteinsfjöll. Hellirinn er innan Bláfjalla fólkvangs og jafnframt innan vatnsverndasvæðis höfuðborgarsvæðisins. Þá er hellirinn innan svæðis sem lagt var til í tillögum Umhverfisstofnunar að friðlýsa vegna Náttúruverndaráætlunar 2004-2008 vegna merkra jarðmyndana s.s. eldgosaminja, háhita og landslags. Svæðið er tiltölulega ósnortið og einnig eina svæðið á Suðvesturlandi sem segja má að falli undir skilgreinngu á víðerni skv. lögum um náttúruvernd. Þríhnjúkar eru skammt frá Bláfjallavegi (vestari leið) og ekki langt frá skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Í framangreindri þingsályktunartillögu eru ekki lagðar fram hugmyndir um aðkomu að hellinum en talað um göng inn í hellinn. Ekki er skýrt út hvaðan aðkoma að þeim verður. Vel má hugsa sér að setja kláf til að komast upp í fjallendið svo ekki verði þörf fyrir nema takmarkaða vegalagningu. Það er áriðandi að allt sem framkvæmt er á svæðinu verði gert af ítrustu varfærni til að raska sem minnst upprunaleika svæðisins, óbyggðareinkennum þess og landslagi. Allt þetta þarf að skoða vandlega.




Náttúrufræðistofnun bendir á að sérstaklega þarf að huga að grunnvatni vegna framkvæmdarinnar en ætla má að við fjallsræturnar sé allt að 200 m grynna á grunnvatnið en við skíðasvæðið í Bláfjöllum. Því er mikilvægt að þau yfirvöld sem fjalla um verndun vatnsbóla séu höfð með í ráðum.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

